

**Sp.**

**567. Þingsályktun**

**[77. mál]**

um sameiningu tollgæzlu og löggæzlu.

(Afgreidd frá Sp. 13. apríl.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á því, hvort ekki væri haganlegt og ávinningur til sparnaðar að sameina tollgæzlu og almenna löggæzlu.

Leiði athugunin í ljós, að hagkvæmt sé að sameina þessi störf, skal ríkisstjórnin gera ráðstafanir til þess, að það verði gert alls staðar þar, sem það álizt vera til bóta.